# Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

# Ársreikningur 2006

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
Strandgötu 3
600 Akureyri

kt. 510169-3799

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Áritun tryggingastærðfræðings | 4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Reikningsskilaaðferðir | 8 |
| Skýringar | 9-12 |
| Kennitölur | 13 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingasjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 219 sjóðfélagi hjá 6 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 22 á árinu. Iðgjöldin námu samtals 157,3 milljónum króna sem er hækkun um 10,8% frá fyrra ári og er þá ekki tekið tillit til aukaframlaga.
Í janúar 2007, eftir að reikningsári sjóðsins lauk, greiddi Akureyrarbær kr. 3.242,4 millj. króna til sjóðsins sem mun breyta verulega stöðu hans og afkomu á árinu 2007.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 229,8 milljónum króna og hækkuðu um 11,9% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega í desember var 302 og hafði þeim fjölgað um 18 frá sama tíma á árinu áður.
Ráðstöfunarfé sjóðsins til nýrra fjárfestinga á árinu að frátöldu innstreymi vegna seldra verðbréfa nam 77,2 milljónum króna
Nýjar fjárfestingar umfram sölu verðbréfa námu samtals 79,8 milljónum króna og lækkaði handbært fé um 3,4 milljónir króna.
Um 56% fjárfestinga sjóðsins voru í verðbréfum með föstum tekjum og 44% í verðbréfum með breytilegum tekjum.
Eign sjóðsins í verðbréfum með breytilegum tekjum nam í árslok 1.049,7 milljónum króna og í verðbréfum með föstum tekjum 1.315,3 milljónum króna.
Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 2.378,2 milljónum króna og hækkaði um 233,3 milljónir króna frá fyrra ári eða um 10,88%.
Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 14,51% og hrein raunávöxtun var 7,06%. Sambærilegar tölur fyrir árið í fyrra voru 14,60% og 10,04%.
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár er 6,7% og 6,5% sl. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2006. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 9.058,6 milljónir króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs kr. 2.690,8 milljónir króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 6.367,8 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 29,7% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 7.515,0 milljónum króna eða sem nemur 69,2% af skuldbindingum.
Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.041,6 milljónir króna á árinu.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirskrift sinni.

Akureyri 28. mars 2007

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri 28. mars 2007

***KPMG*** Endurskoðun Akureyri hf.

Arnar Árnason

# Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjarí árslok 2006. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur áranna 2001-2005 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 11.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2006. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2006. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að verulega skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.
Það mun því lenda á ábyrgðaraðila sjóðsins að greiða umtalsverðan hluta af skuldbindingum sjóðsins með framlögum til viðbótar við venjubundnar iðgjaldagreiðslur.

Reykjavík 28. mars 2007

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

| | Skýringar | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | 1 | | |
| Iðgjöld, sjóðfélagar | | 22.142.547 | 21.601.649 |
| Iðgjöld, launagreiðendur | | 135.630.817 | 788.480.085 |
| Réttindaflutningar og endurgreiðslur | | (505.924) | (582.899) |
| | | 157.267.440 | 809.498.835 |
| **Lífeyrir** | 2 | | |
| Lífeyrir | | 229.832.647 | 205.368.841 |
| | | 229.832.647 | 205.368.841 |
| **Fjárfestingartekjur** | 3 | | |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 315.176.396 | 250.195.787 |
| Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa | | (108.530) | (6.522.643) |
| | | 315.067.866 | 243.673.144 |
| **Fjárfestingagjöld** | 4 | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | 2.320.593 | 1.414.778 |
| **Rekstrarkostnaður** | 5 | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | 6.882.159 | 7.452.327 |
| **Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga** | | 233.299.907 | 838.936.033 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 2.144.937.624 | 1.306.001.591 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 2.378.237.531 | 2.144.937.624 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2006

| Eignir | Skýringar | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Aðrar fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 6 | 1.049.704.692 | 821.902.178 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 7 | 1.258.543.568 | 1.243.944.138 |
| Veðlán | 7 | 64.663.249 | 70.979.542 |
| Niðurfærslusjóður útlána | 7 | (7.864.007) | (7.755.477) |
| **Fjárfestingar alls** | | 2.365.047.502 | 2.129.070.381 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 16.514.978 | 13.626.212 |
| | | 16.514.978 | 13.626.212 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Veltiinnlán | | 1.072.364 | 4.456.887 |
| **Eignir alls** | | 2.382.634.844 | 2.147.153.480 |
| **Skuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | 8 | 4.397.313 | 2.215.856 |
| **Skuldir alls** | | 4.397.313 | 2.215.856 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 2.378.237.531 | 2.144.937.624 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 2006

| | Skýringar | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 157.267.440 | 809.498.835 |
| Fjárfestingatekjur | | 119.542.190 | 66.743.366 |
| Afborganir verðbréfa | | 39.378.555 | 78.815.600 |
| Seld bréf með breytilegum tekjum | | 73.500.000 | 343.438.200 |
| Seld bréf með föstum tekjum | | 0 | 95.309.192 |
| | | 389.688.185 | 1.393.805.193 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 229.832.647 | 205.368.841 |
| Fjárfestingargjöld | | 2.320.593 | 1.414.778 |
| Rekstrarkostnaður | | 6.882.159 | 7.452.327 |
| | | 239.035.399 | 214.235.946 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 150.652.786 | 1.179.569.247 |
| **Kaup á verðbréfum** | 10 | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 151.330.000 | 387.005.614 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 0 | 778.930.979 |
| Ný veðlán og útlán | | 2.000.000 | 3.200.000 |
| **Verðbréfakaup samtals** | | 153.330.000 | 1.169.136.593 |
| Aðrar útgreiðslur | | 707.309 | 5.986.184 |
| Ráðstöfun ársins | | 154.037.309 | 1.175.122.777 |
| **(Lækkun)/hækkun á sjóði og veltiinnlánum á árinu** | | (3.384.523) | 4.446.470 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 4.456.887 | 10.417 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 1.072.364 | 4.456.887 |

# Reikningsskilaaðferðir

## Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða.
Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## Verðbréfaeign, verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu.
Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007.

Skuldabréf eru eignfærð í lok ársins miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram.

Eignarhlutir í verðbréfasjóðum eru eignfærðir á markaðsverði. Eignarhlutir í erlendum verðbréfasjóðum eru færðir á skráðu markaðsgengi, eins og það var síðasta virka dag ársins.

# Skýringar

## 1. Iðgjöld

| Iðgjöld sundurliðast þannig: | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| A-deild: | | |
| Iðgjöld sjóðfélagar | 22.141.583 | 21.599.278 |
| Iðgjöld, launagreiðendur | 43.259.004 | 42.230.560 |
| Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur | 92.370.367 | 746.245.969 |
| | 157.770.954 | 810.075.807 |
| B-deild: | | |
| Iðgjöld, sjóðfélagar | 964 | 2.371 |
| Iðgjöld, launagreiðendur | 1.446 | 3.556 |
| | 2.410 | 5.927 |
| Iðgjöld ársins | 157.773.364 | 810.081.734 |
| Réttindaflutningur til sjóðsins | 132.131 | 17.693 |
| Réttindaflutningur frá sjóðnum | (591.542) | (600.592) |
| Endurgreidd iðgjöld | (46.513) | 0 |
| | (505.924) | (582.899) |
| Iðgjöld ársins | 157.267.440 | 809.498.835 |

## 2. Lífeyrir

| **Sundurliðun eftir tegundum:** | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 171.958.751 | 150.364.989 |
| Örorkulífeyrir | 14.948.273 | 14.035.773 |
| Makalífeyrir | 42.230.523 | 40.141.582 |
| Barnalífeyrir | 695.100 | 826.497 |
| Lífeyrisútgjöld ársins | 229.832.647 | 205.368.841 |

## 3. Fjárfestingartekjur

Fjárfestingatekjur sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og gengismunur: | | |
| Tekjur af innlendum hlutabréfasjóðum | 27.270.895 | 90.321.339 |
| Tekjur af erlendum hlutabréfasjóðum | 94.092.897 | 28.935.843 |
| Samtals tekjur af hlutabréfasjóðum | 121.363.792 | 119.257.182 |
| Tekjur af skuldabréfasjóðum | 18.489.788 | 14.964.028 |
| Tekjur af peningamarkaðssjóðum | 8.111.956 | 3.660.926 |
| Tekjur af markaðsbréfum | 157.611.003 | 104.460.852 |
| Tekjur af veðskuldabréfum | 7.875.820 | 7.400.573 |
| Tekjur af erlendum skuldabréfum | 864.272 | 200.599 |
| Tekjur af bankainnistæðum | 859.765 | 251.627 |
| | 193.812.604 | 130.938.605 |
| Vaxtatekjur og gengismunur samtals | 315.176.396 | 250.195.787 |
| Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar | (108.530) | (6.522.643) |
| Fjárfestingartekjur samtals | 315.067.866 | 243.673.144 |

# Skýringar

## 4. Fjárfestingargjöld

Fjárfestingargjöld, sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í rekstrarþóknun | 2.320.593 | 1.414.778 |
| | 2.320.593 | 1.414.778 |

## 5. Rekstrarkostnaður:

Rekstrakostnaður sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun og launatengd gjöld | 402.960 | 380.243 |
| Rekstrarþóknun | 6.961.778 | 4.244.333 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.838.014 | 4.242.529 |
| | 9.202.752 | 8.867.105 |
| Fært á fjárfestingargjöld | (2.320.593) | (1.414.778) |
| | 6.882.159 | 7.452.327 |

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Sundurliðun á hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum er sem hér segir:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| **Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:** | | |
| *Hlutabréfasjóðir:* | | |
| Hlutabréfasjóður ÍV | 251.815.927 | 224.545.032 |
| Innlendir hlutabréfasjóðir alls | 251.815.927 | 224.545.032 |
| **Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:** | | |
| *Hlutabréfasjóðir:* | | |
| Erlendir hlutabréfasjóðir | | |
| BGI - heimssjóður | 256.997.984 | 187.791.943 |
| Heimssjóður ÍV | 107.294.337 | 81.264.774 |
| | 364.292.321 | 269.056.717 |
| Hlutabréf og hlutabréfasjóðir alls | 616.108.248 | 493.601.749 |
| **Innlendir skuldabréfasjóðir:** | | |
| Ríkisskuldabréfasjóður ÍV | 123.310.452 | 114.205.924 |
| Skuldabréfasjóður ÍV | 186.056.440 | 176.671.180 |
| | 309.366.892 | 290.877.104 |
| **Erlendir skuldabréfasjóðir:** | | |
| Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV | 11.064.870 | 10.200.599 |
| **Innlendir peningamarkaðssjóðir:** | | |
| Peningamarkaðssjóður ÍV | 113.164.682 | 27.222.726 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | 1.049.704.692 | 821.902.178 |

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinist þannig í einstaka flokka:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| **Markaðsbréf:** | | |
| Ríkisskuldabréf | 416.509.411 | 426.878.118 |
| Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja | 73.355.073 | 70.370.077 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 78.616.986 | 76.190.316 |
| Önnur markaðsskuldabréf | 631.654.702 | 617.583.603 |
| Erlend skuldabréf | 58.407.396 | 52.922.024 |
| | 1.258.543.568 | 1.243.944.138 |
| **Veðskuldabréf:** | | |
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 64.663.249 | 70.979.542 |
| Afskriftarsjóður skuldabréfaeignar | (7.864.007) | (7.755.477) |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 1.315.342.810 | 1.307.168.203 |

Markaðsverð skuldabréfaeignar sjóðsins er áætlað um 2,2 milljónum króna lægra en bókfært verð.

## 8. Skuldir

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| **Aðrar skammtímaskuldir:** | | |
| Ógreiddur kostnaður | 4.397.313 | 2.215.856 |
| | 4.397.313 | 2.215.856 |

## 9. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Lífeyrissjóð Norðurlands og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra eða stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Sjóðurinn hefur ekki tekist á hendur neinar fjárskuldbindingar aðrar en greint er frá í skýringu 11.

Greiðslur til stjórnarmanna voru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Kristján Þór Júlíusson | 120.000 |
| Jakob Björnsson | 60.000 |
| Oddur Helgi Halldórsson | 60.000 |
| Arna Jakobína Björnsdóttir | 60.000 |
| Hanna Rósa Sveinsdóttir | 60.000 |

Greiðslur til endurskoðanda á árinu 2006 voru kr. 522.443
Greiðslur til tryggingafræðings á árinu 2006 voru kr. 437.618
Greiðslur til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2006 voru kr. 458.000

# Skýringar

## 10. Ráðstöfun

Kaup og sala verðbréfa á árinu greinist þannig:

| Bréfaflokkur: | Kaup | Sala | Ráðstöfun |
|---|---|---|---|
| Innlend hlutdeildarskírteini, peningamarkaðssjóðir ... | 151.330.000 | (73.500.000) | 77.830.000 |
| Samtals verðbréf með breytilegum tekjum | 151.330.000 | (73.500.000) | 77.830.000 |
| | | | |
| Veðskuldabréf ... | 2.000.000 | 0 | 2.000.000 |
| Samtals verðbréf með föstum tekjum | 2.000.000 | 0 | 2.000.000 |
| | | | |
| Ráðstöfun í verðbréfakaup, samtals | 153.330.000 | (73.500.000) | 79.830.000 |

## 11. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2006 námu áfallnar skuldbindingar 6.367,8 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 7.515,0 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2,0% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkanir sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.041,6 milljónir króna á árinu.

Niðurstaða matsins, sbr. áritun tryggingastærðfræðings, er að skuldbindingar sjóðsins séu verulega hærri en eignir og því allar líkur á að Akureyrarbær, sem ábyrgðaraðili sjóðsins, muni þurfa að greiða stóran hluta þessara skuldbindinga með framlögum umfram hefðbundnar iðgjaldagreiðslur.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir einnig til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærri en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra getur staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir (í milljónum króna):

| Eignir: | Áunninn-réttur | Framtíðar-réttur | Heildar-réttur |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ... | 2.378,2 | 0,0 | 2.378,2 |
| Núvirði verðbréfa ... | 369,8 | 0,0 | 369,8 |
| Fjárfestingarkostnaður ... | (57,2) | 0,0 | (57,2) |
| Núvirði framtíðariðgjalda ... | 0 | 652,4 | 652,4 |
| Eignir samtals ... | 2.690,8 | 652,4 | 3.343,2 |
| | | | |
| Skuldbindingar: | | | |
| Ellilífeyrir ... | 6.758,8 | 1.401,4 | 8.160,2 |
| Örorkulífeyrir ... | 363,2 | 75,2 | 438,4 |
| Makalífeyrir ... | 1.786,9 | 298,9 | 2.085,8 |
| Barnalífeyrir ... | 0,7 | 3,9 | 4,6 |
| Rekstrarkostnaður ... | 149,0 | 20,2 | 169,2 |
| Skuldbindingar samtals ... | 9.058,6 | 1.799,6 | 10.858,2 |
| | | | |
| Skuldbindingar umfram eignir ... | (6.367,8) | (1.147,2) | (7.515,0) |
| | | | |
| Eignir sem hlutfall af skuldbindingum ... | 29,7% | 36,3% | 30,8% |
| Hrein eign umfram skuldbindingar ... | -70,3% | -63,7% | -69,2% |
| | | | |
| Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2006 ... | (5.340,9) | (1.132,5) | (6.473,4) |
| Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2006 ... | (6.367,8) | (1.147,2) | (7.515,0) |
| Breyting á árinu ... | (1.026,9) | (14,7) | (1.041,6) |

# Kennitölur

| Skýring: | | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | | 14,51% | 14,60% | 14,93% | 11,36% | -0,15% |
| Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal | | 10,89% | 9,74% | 8,36% | 8,44% | 8,70% |
| Raunávöxtun | 1 | 7,06% | 10,04% | 10,61% | 8,41% | -2,11% |
| Raunávöxtun - 5 ára meðaltal | | 6,70% | 5,26% | 3,94% | 3,73% | 3,40% |
| Raunávöxtun - 10 ára meðaltal | | 6,48% | 5,76% | 5,44% | 5,04% | 4,86% |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum | 2 | 0,15% | 0,22% | 0,35% | 0,32% | 0,30% |
| Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum | 2 | 0,05% | 0,04% | 0,10% | 0,10% | 0,10% |
| Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum | 2 | 0,20% | 0,26% | 0,45% | 0,42% | 0,40% |
| | | | | | | |
| Samsetning fjárfestinga: | 3 | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | | 44% | 39% | 48% | 41% | 17% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | | 26% | 28% | 43% | 45% | 58% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | | 28% | 30% | 2% | 2% | 12% |
| Veðlán | | 3% | 3% | 8% | 11% | 13% |
| | | | | | | |
| Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: | 4 | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | | 82% | 85% | 82% | 84% | 88% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | | 18% | 15% | 18% | 16% | 12% |
| | | | | | | |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | 5 | | | | | |
| Ellilífeyrir | | 74,8% | 73,2% | 71,4% | 70,8% | 68,2% |
| Örorkulífeyrir | | 6,5% | 6,8% | 7,2% | 7,6% | 8,5% |
| Makalífeyrir | | 18,4% | 19,5% | 20,8% | 21,0% | 22,5% |
| Barnalífeyrir | | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,6% | 0,8% |
| | | | | | | |
| Lífeyrisbyrði | 6 | 146% | 145% | 138% | 134% | 122% |
| Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu | | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 |
| Virkir sjóðfélagar | 7 | 203 | 216 | 252 | 262 | 283 |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 8 | 219 | 241 | 258 | 271 | 295 |
| Fjöldi lífeyrisþega í lok ársins | | 302 | 284 | 281 | 267 | 254 |
| Hækkun iðgjalda frá fyrra ári | 11 | 10,8% | 8,0% | 2,7% | 2,0% | 2,4% |
| Hækkun lífeyrisútgjalda | | 11,9% | 13,5% | 6,0% | 11,8% | 21,3% |
| Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris | | 10,9% | 64,2% | 10,4% | 7,2% | -2,6% |
| Hækkun á áföllnum lífeyriskuldbindingum | | 15% | -7% | 11% | -1% | 7% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 9 | -69% | -67% | -77% | -76% | -77% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 10 | -70% | -69% | -81% | -80% | -81% |
| Starfsmannafjöldi | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hækkun vísitölu neysluverðs | | 6,95% | 4,14% | 3,91% | 2,72% | 2,00% |
| | | | | | | |
| **Ávöxtun einstakra eignaflokka:** | | | | | | |
| *Nafnávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf | | 12,1% | 66,2% | 55,7% | 48,1% | 14,9% |
| Erlend hlutabréf | | 35,4% | 13,6% | -1,3% | 15,9% | -38,7% |
| Ríkisstryggð skuldabréf | | 11,4% | 8,3% | 15,1% | 9,0% | 8,1% |
| Önnur innlend skuldabréf | | 12,7% | 18,8% | 9,1% | 7,2% | 8,0% |
| Erlend skuldabréf | | 12,5% | 6,8% | -20,7% | | -17,4% |
| Skammtímabréf | | 12,1% | 9,3% | 5,9% | 7,3% | 13,0% |
| *Raunávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf | | 4,8% | 59,6% | 49,8% | 44,1% | 12,6% |
| Erlend hlutabréf | | 26,6% | 9,1% | -5,0% | 12,8% | -39,9% |
| Ríkisstryggð skuldabréf | | 4,1% | 4,0% | 10,8% | 6,1% | 6,0% |
| Önnur innlend skuldabréf | | 5,4% | 14,1% | 5,0% | 4,4% | 5,8% |
| Erlend skuldabréf | | 5,2% | 2,5% | -23,7% | | -19,0% |
| Skammtímabréf | | 4,8% | 4,9% | 1,9% | 4,5% | 10,8% |

e.t. = kennitala ekki tiltæk

## Skýringar:

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar miðað við vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs Norðurorku 2005 í útreikningum.
7. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga í hverjum mánuði ársins.
8. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
9. Heildareignir sjóðsins (eign í árslok + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
10. Eignir í árslok í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar í árslok skv. tryggingafræðilegri úttekt.
11. Hækkun iðgjalda án aukaframlaga